

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 1085 — 238. mál.
2. umræða.

Nefndarálit með frávísunartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2006,
með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls).

Frá minni hluta velferðarnefndar.

Minni hluti velferðarnefndar er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins að tryggja barni rétt til að þekkja báða foreldra sína, sem er í samræmi við 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að um væri að ræða veigamiklar breytingar á ákvæðum barnalaga sem vörðuðu mikilvæga hagsmuni barna. Því væri brýnt að vand að yrði til alls undirbúnings og byggt á víðtæku samráði við fag- og hagsmunaaðila og á mati á áhrifum slíkra breytinga.

Minni hlutinn tekur undir það og leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari vinnslu.

Alþingi, 1. júní 2018.

Andrés Ingi Jónsson,
frsm.

Ólafur Þór Gunnarsson.